

nóv. 1972) Pálmi Hannes kennari í Rvík f. á Suðureyri við Súgandafjörð 7. febr. 1952 Jóhannesson. For. Jóhannes prestur í Holti í Önundarfirði f. í Kálfagerði í Saurbæjarhreppi í Eyjafirði 10. jan. 1914 Pálmasón og k. h. (5. okt. 1940) Ádalheiður Margrét f. í Vestmannaeyjum 29. okt. 1914 Snorradóttir. (Guðfrtal 205). Stúdent frá M. A. 1969. B. A.-próf frá H. Í. 1973. Stundaði framhaldsnám við háskólana í Dijon, Caen og Tours 1973–1976. Licence-es lettres-próf frá Université Francois Rabelais í Tours 1976. Kennari við Vörðuskóla í Rvík 1976–1977. Yfirþýðandi við Ríkisútvarpið-Sjónvarp frá 1. febr. 1978. Barn: Heiða Björg.

- 6a Heiða Björg Pálmadóttir f. í Beirút í Líbanon 2. apríl 1979.
- 5d Helga Birgisdóttir Kjaran f. í Rvík 20. maí 1947. M. I (19. ágúst 1967) Ármann, stúdent M. R. 1966, lögfræðinemi við H. Í. f. í Rvík 14. apríl 1946 d. 10. nóv. 1968 Sveinsson. For. Sveinn múnarameistari f. á Siglufirði 14. júní 1917 Sveinsson og k. h. Margrét L. f. 12. ágúst 1920 Eggertsdóttir. Ármann var alveg sérstakur myndarmaður. Hann var helzti framamaður í félagskap ungra sjálfstæðismanna og félagsmálum íslenzkra stúdenta. Þegar hann dó um aldur fram, var stofn-aður minningarsjóður um hann, og var gefin út bók með ræðum hans og ritgerðum, „Manngildi“, og mun slíkt fá-dæmi um jafnungan manna. Barn: Birgir.
- 6a Birgir Ármannsson f. í Rvík 12. júní 1968.

M. Helgu II Ólafur verkfræðingur Sigurðsson (sjá bls. 197).

- 3b Kristjana Björnsdóttir Blöndal f. a Rauðarhotn 17. maí 1892 d. í Rvík 1. ágúst 1975. Kaupkona í Rvík. Kristjana vann fyrst hjá Landssíma Íslands í Stykkishólmi og síðar í Rvík, en var svo mörg ár hjá Garðari Gíslasyni stórkaupmanni sem skrifstofustúlka, bæði í Rvík og í Leith. Árið 1931 stofnaði hún ásamt Ástu Þorsteinsdóttur tízkuverzlunina Chic, sem þær ráku í 30 ár. Einnig stofnuðu þær fyrirtækið Nærfatagerðina Á. Í. K. Kristjana var hin mesta myndarkona, elskuleg og